

# BV BRÉF TIL BÆNDÁ Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is  
Veffang: [www.buvest.is](http://www.buvest.is) Ábyrgðarm: Anton Torfi Bergsson

2.bréf 2018

Júní

## Frá aðalfundi BV 2018

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands var haldinn 9. apríl sl. Rekstur samtakanna var þungur á síðasta ári og var gerður upp með rúml. 12 milljóna kr. tapi. Vegur þar þyngst að búnaðargjaldið var aflagt, sem og hækjun launakostnaðar vegna samningsbundinna launahækkana. Þar við bætast óreglulegir liðir vegna breytinga í starfsmannahaldi. Við þetta verður ekki unað og hafa gjaldskrár því verið endurskoðaðar og félagsgjöld fyrir árið 2019 hækkuð. Einnig er gert ráð fyrir lækkun launakostnaðar vegna fækkunar starfsfólks hjá BV.

Fundargerð aðalfundar BV er aðgengileg á heimasíðunni, [www.buvest.is](http://www.buvest.is) og þar má einnig sjá gjaldskrána.

### Samþykktir frá aðalfundi:

*Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 9. apríl 2018, skorar á alþingismenn norðvesturkjördæmis að standa fast á því að ekki verði leyfður óhefstur innflutingur á fersku kjöti, eggjum og mjólkurvörum.*

*Fulltrúar frá Búvest óski eftir opnum fundi með þingmönnum kjördæmisins til að fylgja málinu eftir.*

*Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands 9. apríl 2018, beinir því til stjórnar BV að hún beiti sér fyrir því að hraðað verði lagningu þriggja fasa rafmagns á starfssvæði BV eins og kostur er.*

*Unnin verði áætlun byggð á raunverulegum þörfum notenda og forgangsraða eftir henni*

*Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands (BV) haldinn að Hvanneyri 9. apr. 2018, beinir því til LbhÍ, menntamálaráðuneytis og auðlinda- og nýsköpunarráðuneytis að styrkja og efla samkeppnishæfni íslensks landbúnaðarvisinda- mennta- og rannsóknastarf á Íslandi.*

- *Byggð verði upp aðstaða til rannsókna í búsfár- garð- og jarðrækt við höfuðstöðvar Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og Reykjunum.*
- *Að Landbúnaðarháskóla Íslands sé tryggt nægilegt fjármagn til að starfrækja öflugt rannsóknarstarf þar með talið með rekstri tilrauna- og kennslubúa í búsfár- og jarðrækt.*
- *Standa vörð um þann aðbúnað sem þegar er til staðar svo efla megi rannsóknir í greininni. Með uppbyggingu á rannsóknaraðstöðu verði hægt að hægja á flóttu fræðimanna úr stéttinni og efla nýliðun í röðum vísindamanna við stofnunina.*

Stjórn Búnaðarsamtakanna er þannig skipuð eftir aðalfund:

Jón Gíslason, Lundi. formaður, Hannes Magnússon, Eystri-Leirárgörðum og Sigrún Hanna Sigurðardóttir, Lyngbrekku, meðstjórnendur.

### **Starfsmannamál:**

Guðmundur Sigurðsson hætti sem framkvæmdastjóri á sl. ári og Anton Torfi Bergsson var ráðinn í hans stað en Guðmundur hafði verið í hlutastarfi sem framkvæmdastjóri. Þá hætti Guðmundur Hallgrímsson um áramót hjá BV. Magnús Agnarsson frjótæknir hætti störfum 30. maí sl. og hefur Helgi Már Ólafsson verið ráðinn í hans stað en hann hefur verið í afleysingum og öðrum tímabundum störfum sl. ár.

### **Klaufskurðarbásinn:**

Ekki hefur tekist að ráða mann í klaufskurð og er það orðið mjög bagalegt. Því er óskað eftir, ef einhver hefur áhuga á að vinna við klaufskurð, að láta heyra í sér. Einnig er möguleiki á að einhver aðili leigi básinn til að vinna með hann hér á starfsvæðinu. Áhugasamir vinsamlegast hafið samband í síma 437-1215 eða 892 -0517.

### **TILKYNNING FRÁ BÓKHALDSPJÓNUSTU BV**

VIÐSKIPTAVINIR ERU VINSAMLEGAST BEÐNIR UM AÐ SKILA INN GÖGNUM  
FYRIR VSK-UPPGJÖR SEM FYRST EFTIR OPNUN SKRIFSTOFU 10. ÁGÚST



**Sumarlokun skrifstofu BV verður frá og með 9. júlí til 10. ágúst.**

○ ○ ○ ○ ○ ○

**Hægt er að hringja í s. 892-0517 ef um brýn erindi er að ræða ( Anton Torfi )**